

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2019

1903016SA VÓHS  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur, 255. mál - 149. löggjafarþing

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent til umsagnar frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur. Frumvarpið var áður lagt fram á 148. löggjafarþingi, 665. mál, en hlaut ekki afgreiðslu.<sup>1</sup> Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um réttindi sjúklinga, lögum um heilbrigðisstarfsmenn, barnalögum og lögum um öll skólastigín, þ.e. lögum um leikskóla, lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla. Markmið frumvarpsins er að tryggja börnum sem eiga foreldri sem glímur við alvarleg veikindi eða sem missa foreldri, annað eða bæði, vegna sjúkdóms eða af slysförum, viðeigandi stuðning og ráðgjöf og að virtur sé réttur þeirra til umgengni við nána vandamenn hins látna foreldris eða aðra nákomna barni.

Innan margra grunnskóla eru starfrækt svokölluð áfallateymi. Hins vegar hefur borið á því að skólum sé ekki tilkynnt um ýmis áföll í lífi barns sem rétt væri fyrir starfsfólk skóla að hafa vitneskju um svo unnt sé að bregðast við með viðeigandi úrræðum. Í því tilliti telur sambandið markmið frumvarpsins afar jákvæð því mikilvægt er að tryggja þessum börnum viðeigandi stuðning þegar áföll ber að garði. Sambandið hefur aftur á móti nokkrar ábendingar við frumvarpið sem einna helst snúa að einföldun á framkvæmd þeirra tillagna sem frumvarpið leggur til.

#### Ábendingar sambandsins

Í 7.-9. gr. frumvarpsins er lagt til að fram komi ný ákvæði til breytingar á lögum um leikskóla, nr. 90/2008, lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Nýjum lagagreinum er ætlað að tryggja nemendum á viðeigandi skólastigi, sem eiga langveikt eða deyjandi foreldri eða sem missa foreldri, viðeigandi ráðgjöf og stuðning innan þess skóla sem þeir sækja. Eins og segir í frumvarpinu: „Hér er helst um að ræða að börn séu upplýst um lagalega stöðu sína og hvaða félagsleg úrræði séu til staðar og að barnið sé aðstoðað við að fá aðgang að viðeigandi úrræðum, eftir því sem við á, og þannig tryggt að hægt sé að mæta þörfum barnsins.“

Sambandið telur að ný ákvæði verði erfið í framkvæmd þar sem gert er ráð fyrir að heilbrigðisstarfsmaður, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á heilbrigðisstofnun úti á landi verði í sambandi við skóla viðkomandi barns en samkvæmt tölum Hagstofunnar frá desember 2017 voru 254 leikskólar starfræktir á Íslandi og 169 grunnskólar. Miklu fremur leggur sambandið til að *heildstætt kerfi*

<sup>1</sup> Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, 665. mál – 148. löggjafarþing: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1269.html>

félagsþjónustunnar komi hér að, þar sem sama markmiði verði náð, þ.e. að tryggja að skólakerfið komi með virkum hætti að stuðningi við börn í þessum kringumstæðum.

Sambandið vísar hér til ákvæðis 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sem er svohljóðandi:

■ 17. gr.

□ Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

Hér er um lögbundið hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaganna að ræða. Með vísan til þess væri frekar tilefni fyrir nefndina að koma með tillögu að nýrri grein, 2. mgr. 17. gr. sem myndi vera svohljóðandi:

*Ráðherra setur nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo sem um hæfi sérfræðinga sem veita ráðgjöf, inntak og framkvæmd ráðgjafar.*

Með því móti gæti ráðherra sett nánari reglur um veitta ráðgjöf, inntak og framkvæmd ráðgjafar starfsfólks félagsþjónustu sveitarfélaganna með samstarf við viðkomandi heilbrigðisstofnanir í huga.

Þá vekur sambandið athygli nefndarinnar á lögbundnu hlutverki skólanefnda sveitarfélaga samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 90/2008 sem hefur m.a. það hlutverk að tryggja nemendum og skólum aðgang að viðeigandi skólaþjónustu sem hefur það markmið annars vegar að styðja við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar veita stuðning við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

#### Talsmenn barna

Að lokum telur sambandið að innan nefndarinnar þyrfti að fara fram umræða um hvort skipa eigi þessum börnum talsmenn en t.a.m. í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er gert ráð fyrir að börnum sem stendur til að vista utan heimilis sé skipaður sérstakur talsmaður. Í 12. gr. frumvarps dómsmálaráðherra um skipta búsetu barna<sup>2</sup> er fylgt þeirri meginreglu barnasáttmálans að gefa barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska. Í því ákvæði er barni þannig gefinn kostur á að meta hvort og hvernig það vilji sjálft hafa aðkomu að máli, með eða án milligöngu talsmanns.

Ákveðið hagræði gæti fylgt því að barni verði skipaður talsmaður strax að frumkvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna, og gæti þá viðkomandi talsmaður fylgt barninu áfram í gegnum allt ferlið, upplýst þau um lagalega stöðu sína og hvaða félagsleg úrræði séu til staðar. Einnig gæti talsmaður aðstoðað barnið við að fá aðgang að viðeigandi úrræðum, en fyrst og fremst yrði það hans hlutverk að

<sup>2</sup> Drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 og fleiri lögum (skipt búseta og meðlag): [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1312](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1312)


sambætta alla þjónustu gagnvart viðkomandi barni og tryggja að upplýsingar berist á rétta staði, þannig að það sé tryggt að þörfum barnsins sé mætt.

#### Lokaorð

Að öllu framangreindu virtu, þá hafa sveitarfélögin ýmis úrræði sem gætu komið til móts við þarfir þessara barna þegar áfall dynur yfir. Að áliti sambandsins mun engin raunveruleg sambætting kerfa nást með því að koma á sérstöku lögbundnu samstarfi heilbrigðisstarfsmanns við skóla viðkomandi barns. Miklu fremur ætti að heildstætt kerfi, að frumkvæði og fyrir tilstuðlan félagsþjónustu sveitarfélaganna, í samstarfi við skólanefndir og barnaverndir að grípa inn í. Með því móti myndi nást sambætting með snemmtækri íhlutun þar sem öll kerfin tryggja stuðning við viðkomandi barn.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

